



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

LSTR1TE03

Kennari	Íris Lind Björnsdóttir, iris.lind.bjornsdottir@fss.is Valgerður Guðbjörnsdóttir, valgerdur.gudbjornsdottir@fss.is	 
Viðtalstími	Mánudagar í stofu 221 kl. 14-14:40 .	
Námsefni	Efni frá kennara og nemendur þurfa að vera með skissubók.	
Áfangalýsing	Nemendur læra nokkur grunnatriði myndlistar. Unnið er með mismunandi form og línur á fjölbreyttan hátt. Kennt verður 3x í viku. Nemendur skila inn skissubók 2x á önninni.	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Nemendur skila skissubók 2x á önninni. Einnig munu þeir fylla út sjálfsmat 2x á önninni. Þá verða tvö verkefni þar sem nemendur kynna myndir og verk eftir sig.	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐
	Sleppikerfi ☐	
	Heiti	Vægi
	Skissubók	50%
	Kynningar	30%
	Sjálfsmat	20%
Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.	
Annað sem kennari vill láta koma fram	Nemendur þurfa að kaupa skissubók.	
Grunnpættir menntunar	Sköpun: Nemendur vinna með eigin hugmyndir, prófa fjölbreyttar teikniaðferðir og þjálfast í persónulegri tjáningu. Læsi: Nemendur efla myndlæsi með því að skoða, túlka og skapa myndir og kynnast grunnpáttum sjónrænnar miðlunar. Heilbrigði og velferð: Áhersla er lögð á ánægju, sjálfstjáningu, sjálfstraust og jákvæða upplifun í öruggu námsumhverfi.	

	Jafnrétti: Ólík hæfni, reynsla, áhugasvið og tjáningarform nemenda eru metin að verðleikum. Verkefni eru aðlöguð og nemendur fá val um viðfangsefni og útfærslur. Lýðræði og mannréttindi: Nemendur fá tækifæri til að velja, tjá eigin hugmyndir og skoðanir og sýna verkum og sjónarmiðum annarra virðingu. Sjálfbærni: Hvatt er til ábyrgrar og hóflegrar notkunar á efniviði. Umhverfi, náttúra og samfélag geta einnig verið viðfangsefni verkefna.
--	--

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: - Fjölbreyttum verklegum grunnaðferðum við að tjá sig í myndum - Sjónrænum þáttum í umhverfi sínu - Einstaklings- og hópavinnu	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - Taka leiðsögn - Vinna persónuleg verk - Nota grunnþætti (liti, form, áferð, efni) í umhverfi sínu og beita þeim við útfærslu verka sinna - Tjá sig um eigin verk og annarra
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - Beita helstu aðferðum til að tjá sig myndrænt - Viðhafa vönduð vinnubrögð og sýna fram á góða umgengni og frágang - Tjá hugmyndir sínar og tilfinningar í myndverki	

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	Kynning á áfanga og frjáls teikning	
2. vika 24.-28. ágúst	Ávöxtur eftir fyrirmynd Velja epli, banana, appelsínu eða jarðarber. Byrja á grunnformi og bæta síðan við lit og einföldum skuggum. Leitarorð: <i>easy fruit drawing step by step</i>	
3. vika 31. ágúst-4. september	Bolli eða uppáhaldskrús Teikna krús eftir fyrirmynd eða hanna sína eigin með mynstri, mynd eða nafni. Leitarorð: <i>easy mug drawing</i>	
4. vika 7.-11. september	Teiknimyndaandlit Teikna einfalt andlit með mismunandi augum, nefi, munni og hári. Leitarorð: <i>easy cartoon face drawing</i>	
5. vika 14.-18. september	Tilfinningar í andliti Teikna 4–6 einföld andlit sem sýna til dæmis gleði, reiði, undrun, leiða og þreytu. Leitarorð: <i>how to draw facial expressions easy</i>	Samskiptadagur 14. september

Virðing, samvinna og árangur

6. vika 21.-25. september	Dýr að eigin vali Velja kunnuglegt dýr, til dæmis kött, hund, fugl, fisk eða kanínu, og fylgja einfaldri fyrirmynd. Leitarorð: <i>easy animal drawing step by step</i>	
7. vika 28. september-2. október	Höndin mín Leggja hönd á blað, draga útlínur hennar og fylla formið með litum, mynstrum eða táknum sem lýsa nemandanum.	
8. vika 5.-9. október	Uppáhaldsmaturinn minn Teikna pizzu, hamborgara, ís, kleinuhring eða annan uppáhaldsmat. Leitarorð: <i>easy cute food drawing</i>	
9. vika 12.-16. október <i>Námsmatsdagur 12. okt.</i> <i>Miðannarmat 13. okt.</i>	Einföld kyrralífsmýnd Raða saman tveimur eða þremur hlutum, til dæmis flösku, ávexti og bók, og teikna eftir þeim.	Skil á skissubók Sjálfsmat 1 Kynning á verki
10. vika 19.-23. október <i>Vetrarleyfi 23. október</i>	Blóm og laufblöð Teikna einföld blóm með hringjum og línum eða herma eftir laufblaði. Síðan má lita og bæta við mynstrum. Leitarorð: <i>easy flower doodles</i>	
11. vika 26.-30. Október <i>Vetrarleyfi 26. október</i>	Draumahúsið mitt Teikna hús eins og nemandinn vill hafa það. Það má vera raunverulegt, litríkt, á hjólum, í tré eða úti í geimnum.	
12. vika 2.-6. nóvember	Landslag Teikna fjöll, sól eða tungl, vatn og tré með einföldum formum. Leitarorð: <i>easy landscape drawing for beginners</i>	
13. vika 9.-13. nóvember	Nafnið mitt sem myndlist Skrifa nafnið með stórum stöfum og skreyta stafina með litum, mynstrum og myndum sem tengjast áhugamálum nemandans. Leitarorð: <i>easy graffiti name drawing</i>	
14. vika 16.-20. nóvember	Mynstur og „doodles“ Skipta blaðinu í nokkra reiti og fylla þá með einföldum línum, doppum, bylgjum, hjörtum, stjörnum og formum. Leitarorð: <i>easy doodle patterns for beginners</i>	
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	Veðurmynd Teikna sól, ský, regnboga, rigningu eða snjó. Nemendur geta teiknað veðrið þann daginn eða uppáhaldsveðrið sitt. Leitarorð: <i>easy weather drawing</i>	Kynning á verki
16. vika 30. nóvember-4. desember	Frjálst - uppsóp	Skil á skissubók Sjálfsmat 2

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Írís Lind Björnsdóttir

Valgerður Guðbjörnsdóttir

Fjölbrautaskóli Suðurnesja